



Reykjavík, 4. desember 2024

VEL24100021

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um þjónustukaup Barnaverndar Reykjavíkur af einkaaðilum

Þann 3. október lagði fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um þjónustukaup Barnaverndar Reykjavíkur af einkaaðilum:

Óskað er eftir yfirliti yfir forsöguna á bak við þjónustukaup Barnaverndar Reykjavíkur af einkaaðilum. Einnig er óskað eftir upplýsingum um ástæður þess að samið hefur verið við einkaaðila og þróun í þeim málum. Gagnlegt væri ef yfirlitið gæti fjallað um það hvaða úrræði sé þörf á til að tryggja að borgin geti boðið milliliðalaust upp á umrædda þjónustu við börn og barnafjölskyldur.

Svar:

Þegar horft er til þróunar þjónustukaupa Barnaverndar Reykjavíkur af einkaaðilum þá er þessi saga samofin þróun í þessum málaflokki síðustu fimmtán árin.

Lögum samkvæmt er það hlutverk Barna- og fjölskyldustofu að annast uppbyggingu og rekstur heimila og stofnanna fyrir börn og ungmenni sem þurfa sérhæfða meðferð. Getur þetta verið vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnavanda og/eða meintra afbrota. Einnig ber þeim að veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika. Þetta kemur fram í 79.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Einnig er það hlutverk stofunnar að útvega fósturheimili, bæði þegar um er að ræða tímabundið fóstur, styrkt fóstur og varanlegt fóstur.

Síðustu ár hefur biðin eftir fósturheimilum verið löng og á það sérstaklega við þegar samþykkt er styrkt fóstur en það felur í sér að ef að barn, sem ráðstafað er í fóstur, á við verulega hegðunarerfiðleika að stríða vegna geðrænna, tilfinningalegra og annarra vandamála og uppfyllir kröfur um vistun á meðferðarheimili er heimilt að mæla fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun á fósturheimili í stað þess að vista það á stofnun. Um er að ræða tímabundna fósturráðstöfun með auknum greiðslum þar sem fósturforeldrarnir skuldbinda sig í aukið umönnunarhlutverk við að aðstoða barnið að ná tókum á vandamálum sínum þannig að það geti snúið aftur til foreldra sinna. Fósturforeldrar í þessu hlutverki þurfa að uppfylla ríkari kröfur en almennir fósturforeldrar.

Árið 2008 hóf Barna- og fjölskyldustofa þá vegferð að innleiða gagnreyndar aðferðir í vinnu með ungmenni og lagði á það áherslu að sú vinna færi fram í þeirra í nærumhverfi. Þessi meðferð heitir MST fjölkerfameðferð. Markmið þessarar innleiðslu er að styrkja fjölskyldur í sínu hlutverki og reyna þannig að fækka þeim börnum og ungmennum sem



Reykjavík



þurfa á vistun að halda. Sýnt hefur verið fram á árangur þessarar aðferðar með rannsóknum og árangursmælingum bæði hérlendis og erlendis. Samhliða þessu hefur rekstri sérhæfðra meðferðarheimila víðs vegar um landið verið hætt og/eða þeim fækkað.

Árið 2005 rak Barna- og fjölskyldustofa sjö meðferðarheimili. Frá hausti 2023 hefur Barna- og fjölskyldustofa einungis yfir að ráða þremur meðferðarheimilum; Stuðlum sem sinna bæði neyðarvistun og greiningu og meðferð, Bjargey sem sinnir meðferð stúlkna, og Lækjarbakka sem hefur síðustu ár sinnti langtíameðferð drengja en því heimili var lokað á haustmánuðum á þessu ári vegna myglu í húsnæðinu og því sinna Stuðlar einnig meðferð fyrir drengi um tíma þar til önnur lausn verður fundinn.

Þrátt fyrir góðan árangur MST meðferðar þá dugar hún ekki öllum ungmennum og því þurfa sum þeirra frekari meðferð þegar MST meðferð hefur verið reynd. Oftast er þá byrjað á því að fram fari greiningar- og meðferðarvistun á Stuðlum og að því loknu fari ungmennið á viðeigandi meðferðarheimili.

Eins og ofangreind þróun sýnir fram á eru þessi meðferðarheimili of fá og því hafa Barnaverndarþjónustur vítt og breitt um landið í of mörgum tilvikum þurft að leita til einkaúrræða til þess að forða þessum ungmennum frá áhættuhegðun, neyslu, sjálfskaða eða öðrum erfiðleikum til dæmis vegna þroska frávíka.

Þau einkaúrræði sem við hjá Barnavernd Reykjavíkur höfum samið við síðustu ár eru:

- Klettabær ehf. sem starfrækir sértæk búsetuúrræði til langs- og skamms tíma, ásamt því að bjóða uppá hvíldardvalir, einstaklingsmiðaða þjónustu í þjónustumiðstöð Klettabæjar og náms- og starfssetri.
- Heilindi ehf. er fyrir búsetu úrræði fyrir einstaklinga með heilaskaða, hegðunarvanda og ungmenni með fjölþættan vanda.
- Vinakot ehf. er heimilislegt búsetuúrræði fyrir börn og ungmenni með fjölþættan vanda. Boðið er upp á langtíma- og skammtímavistun ásamt hvíldarinnlögnum.

Óskað er eftir upplýsingum um hvers vegna Barnavernd Reykjavíkur hefur leitað til einkaaðila eftir úrræðum og þróun í þeim málum. Skýringin er sú að Barna- og fjölskyldustofa hefur ekki búið yfir þeim úrræðum sem okkar börn og ungmenni hafa þurft og því hefur eina leiðin verið sú að leita til einkaaðila til þess að tryggja þeim viðeigandi úrræði. Þessi hópur er ekki stór en hann krefst sérhæfðrar umönnunar og er því kostnaðarsamt að veita honum þjónustu.

Samkvæmt lögum á ríkið að veita þessa þjónustu og að mati Barnaverndar Reykjavíkur er mikilvægt að ítrekað sé við mennta- og barnamálaráðuneytið og Barna- og fjölskyldustofu að þessi hópur barna þurfi viðeigandi úrræði. Einnig að þrýst sé á að úrræðum sé fjölgað þannig að ekki þurfi að treysta á einkaaðila til þess að veita þessa þjónustu með tilheyrandi kostnaði sem fellur á sveitarfélagið en ekki ríkið líkt og málum er háttað í dag.

